Hæfniviðmið í erlendum tungumálum

1-4.bekkur

Í fyrstu tveimur bekkjum eru hæfniviðmið í námi erlendra tungumála að mestu talað mál, hlustun og áhorf. Áhersla er lögð á orðaforða og að móta máltilfinningu og málbeitingu. Nýttir eru til hins ýtrasta einstakir hæfileikar hins unga barns til að herma eftir og ná tökum á framburði og tilfinningu fyrir tungumálum. Kennslan fer því fram mestmegnis sem samtal og söngur og leikir og einfaldar sögur sem eru sagðar með myndmáli til að búa til orðaforðann.

Í þriðja og fjórða bekk bætast við hæfniviðmið í lestri, ritun og menningarlæsi í viðkomandi tungumáli og síðan öll viðmið frá 5.bekk.

Hrynjandi er stór þáttur í tungumálakennslu á yngsta stigi, þar sem endurtekningar, söngur og tónlist eru nýtt til að kenna þætti eins og t.d. tölur og orðaforða og til að ramma inn kennslustundina með upphafsversi og lokaversi í framsögn á viðkomandi tungumáli.

Hæfniviðmið fyrir 1-2.bekk:

Að nemandi geti tekið þátt í að fara með vísur,söngtexta og þulur á málinu.

Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Að nemandi geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.

Að nemandi geti hlustað og horft með athygli á leikræna frásögn, ljóð og söngva og geti rifjað upp þau orð og hugtök í tungumálinu sem eru kennd með þessum hætti.

Að nemandi geti lært og farið fallega með upphafs og lokavers kennslustundar í tungumálinu.

Hæfniviðmið fyrir 3.bekk

Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Að nemandi geti tekið þátt í að fara með vísur, vers og ljóð á málinu.

Að nemandi geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.

Að nemandi geti endurtekið setningar, ljóð og vers áheyrilega og með góðum framburði.

Að nemandi geti átt einföld samtöl um fjölskyldu og daglegt líf , heilsað og kvatt á tungumálinu.

Að nemandi þekki nokkur orð og setningar í málinu og geti skrifað þau.

Hæfniviðmið fyrir 4.bekk

Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Að nemandi geti farið áheyrilega og með góðum framburði með ljóð og texta á viðkomandi tungumáli.

Að nemandi geti skilið einfalda frásögn og upplestur og átt samtal eða svarað spurningum um daglegt líf og venjur með áheyrilegum framburði.

Að nemandi geti nýtt orðaforða sinn til að skilja og rita einfaldan texta eftir forskrift í vinnubók.

Að nemandi geti þekkt og ritað einstök orð og orðasambönd eftir minni .

Að nemandi geti lesið sér til gagns stutta og einfalda texta og bækur fyrir börn á viðkomandi tungumáli.

Að nemandi geti sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum, orðum og hugtökum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla og menningu viðkomandi málsvæðis og getur gert sér grein fyrir þáttum sem eru ólíkir hans eigin menningu og lífsvenjum.

Að nemandi getur tengt ný viðfangsefni í náminu t.d. í öðrum námsgreinum fyrri reynslu og þekkingu og nýtt sér í skapandi vinnubrögðum.

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum

5-7.bekkur

Hæfniviðmið fyrir 5.bekk

Að nemandi geti átt góð samskipti, skilið það mál sem notað er í kennslunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Að nemandi geti farið með texta, einn eða í kór, með góðum framburði og framsögn.

Að nemandi geti hlustað á og fylgt meginþræði í frásögn eða myndmáli og nýtt sér til úrlausna við verkefnavinnu.

Að nemandi geti skrifað einfaldan texta í vinnubók og nýtt sér orðaforða sinn og afmarkaðar upplýsingar í einföldum lesnum texta og nýtt sér við verkefnavinnu.

Að nemandi nýtt sér þekkingu sína til að æfa grunnatriði í málfræði eins og eintölu og fleirtölu, fornöfn og nútíð og þátíð í samtölum, leikjum og leikspuna.

Að nemandi geti lesið sér til gagns auðlesnar bækur og rætt efni þeirra við skólasystkini og kennara.

Að nemandi geti haldið uppi samræðum um daginn og veginn og svarað spurningum um þekkt efni með áheyrilegum og góðum framburði og skilningi.

Að nemandi getur tekið þátt í samskiptaleikjum og spuna á viðkomandi tungumáli.

Að nemandi geti samið einföld skilaboð og skrifað stuttan texta í vinnubók útfrá kveikju með ágætri stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Að nemandi geti sýnt framá að hann þekki nokkuð til viðkomandi málsvæðis, barnamenningar og staðhátta og áttar sig á skyldleika ýmissa orða í tungumálinu við önnur mál.

Að nemandi geti nýtt sér einföld hjálpartæki eins og orðabækur og orðasöfn við vinnu sína.

Að nemandi geti sett sér einföld markmið í námi sínu með stuðningi frá kennara.

Hæfniviðmið fyrir 6.bekk

Nemandi getur átt góð samskipti, skilið það mál sem notað er í kennslunni og tekið þátt í samræðum og hópastarfi og nýtt sér þekkingu sína í tungumálinu í kennslustund.

Nemandi getur skilið í meginatriðum frásögn og innlögn sem hann hlustar á í kennslunni og tengist viðfangsefnum daglegs lífs og námsefninu.

Nemandi getur farið eftir einföldum nákvæmum leiðbeiningum og getur brugðist við með orðum eða athöfnum.

Nemandi getur farið með texta í framsögn áheyrilega og með góðum framburði.

Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju ýmsar gerðir texta úr efni sem er við hæfi og unnið verkefni honum tengd einn eða í hópavinnu.

Nemandi getur skrifað einfaldan texta um efni sem hann hefur kynnt sér og getur beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og getur notað algengustu tengiorð og greinarmerki.

Nemandi getur ritað einfaldan frumsaminn texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín og nýtt sér orðabækur og miðla til að auka orðaforða sinn.

Nemandi getur nýtt sér grunnatriði í einfaldri málfræði og stafsetningu og beitt í vinnu sinni.

Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur allvel og þekkir til siða og hefða viðkomandi málsvæðis .

Nemandi getur sett sér nokkuð raunhæf markmið og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

Hæfniviðmið fyrir 7.bekk

Nemandi getur átt góð samskipti, skilið það mál sem notað er í kennslunni og tekið þátt í samræðum og hópastarfi og nýtt sér þekkingu sína í tungumálinu í kennslustund.

Nemandi getur skilið í meginatriðum frásögn og innlögn sem hann hlustar á í kennslunni og tengist viðfangsefnum daglegs lífs og því efni sem verið er að vinna með.

Nemandi getur haft frumkvæði í eigin vinnuferli og nýtt sér ýmsar bjargir við að leita lausna og komast að niðurstöðu af sjálfsdáðum út frá þekkingargrunni.

Nemandi getur farið með nokkuð flókinn texta í framsögn, leikspuna eða upplestri, áheyrilega og með góðum framburði.

Nemandi getur lesið sér til gagns ýmsar gerðir texta og unnið verkefni honum tengd og nýtt sér ýtarefni á viðkomandi tungumáli til að leysa verkefni.

Nemandi getur tekið þátt í umræðum og skoðanaskiptum á einföldu máli og fært einföld rök fyrir máli sínu og hlustað á mótrök.

Nemandi getur skrifað samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann þekkir og getur nýtt sér orðasöfn og vefmiðla til að auðga mál sitt.

Nemandi getur sýnt fram á að hann kunni nokkur deili á fjölbreyttum uppruna fólks á viðkomandi málsvæði, skilur allvel og þekkir til siða og hefða og getur borið saman við sína eigin menningu.

Nemandi getur sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir því hvar hann stendur og beitt aðferðum til að skipuleggja sig í námi sínu með aðstoð kennara.

Nemandi getur nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum 8-10.bekkur

Hæfniviðmið 8.bekkur

Nemandi getur átt góð samskipti og getur tileinkað sér aðalatriði í kynningum, innlögn og frásögnum og fylgst með aðgengilegu efni af miðlumsem sett er fram sem námsefni.

Nemandi getur skilið og farið eftir nákvæmum leiðbeiningum, valið úr það sem við á og unnið úr þeim.

Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju almennan texta úr blöðum, tímaritum og af vefmiðlum og nýtt sér upplýsingar við verkefnavinnu sína.

Nemandi getur farið með texta og tjáð sig áheyrilega á viðkomandi tungumáli og getur sagt skoðun sína og átt skoðanaskipti og brugðist við spurningum.

Nemandi getur haft frumkvæði í eigin vinnuferli og nýtt sér ýmsar bjargir við að leita lausna og komast að niðurstöðu af sjálfsdáðum út frá þekkingargrunni.

Nemandi getur skrifað nokkuð lipran samfelldan texta á ágætu máli og sýnt fram á góðan orðaforða og rétta málnotkun og stafsetningu.

Nemandi getur leikið sér með málið og leyft sköpunargáfu sinni að njóta sín í meðferð tungumálsins.

Nemandi getur nýtt sér öll helstu hjálpartæki í náminu, ýtarefni, efni af neti, orða- og veforðabækur, leiðréttingaforrit og leitarforrit.

Nemandi getur að nokkru leyti sett sér raunhæf markmið í námi sínu, getur skipulagt nám sitt nokkuð með aðstoð kennara og gert sér grein fyrir námsframvindu sinni.

Hæfniviðmið 9.bekkur

Hæfniviðmið í ensku eru byggð á grunnþáttunum: Hlustun, lesskilningi, samskiptum, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni.

Nemandi getur tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjölmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.

Nemandi getur hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á, brugðist við og unnið úr þeim.

Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða.

Nemandi getur aflað sér upplýsinga úr texta,greint aðalatriði frá aukaatriðum,gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

Nemandi getur lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. í dagblöðum og af netmiðlum, lesið sér til gagns, ánægju og þroska bækur ætlaðar ungmennum og myndað sér skoðun á efni þeirra.

Nemandi getur sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi og notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur umorðað og notað hikorð.

Nemandi getur tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til viðmælanda.

Nemandi getur tjáð sig áheyrilega um viðfangsefni sem hann þekkir eða hefur kynnt sér, getur sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.

Nemandi getur samið,æft og flutt frumsamið eða annað efni einn eða í samvinnu með öðrum.

Nemandi getur flutt stutta frásögn eða kynningu blaðlaust um undirbúið efni af nokkru öryggi.

Nemandi getur skrifað lipran, samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góðan orðaforða og tök á meginreglum málnotkunar.

Nemandi getur skrifað ýmsar gerðir af texta, formlegar og óformlegar og getur tjáð sig um skoðanir sínar, reynslu og þekkingu skilmerkilega í riti.

Nemandi getur leikið sér með málið og látið látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

Nemandi getur sýnt fram á að hann kunni nokkur deili á fjölbreyttum uppruna fólks á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.

Nemandi getur nýtt sér öll helstu hjálpartæki í náminu, ýtarefni, efni af neti, orða- og veforðabækur,leiðréttingarforrit , tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Nemandi getur nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

Nemandi getur sett sér raunhæf markmið,skipulagt nám sitt á markvissan hátt og og lagt mat á eigin stöðu í náminu og gert sér grein fyrir námsframvindu.

Hæfniviðmið fyrir 10.bekk eru lokaviðmið Aðalnámsskrár í erlendum tungumálum.

Námsmat

Námsmat í erlendum tungumálum fer fram í símati yfir veturinn . í nóvember og maí er hæfni, þekking og leikni nemenda metin til framfara í greininni á grundvelli þess fjölbreytta mats sem fer fram yfir önnina.

Símatið styðst við vinnumat kennara og nemenda í leiðsagnarmati, mati á vinnubókum, verkefnum, kynningum og færni tengdri lykilhæfni í greininni sem er:

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Tjáning og miðlun

Sjálfstæði og samvinna

Nýting miðla og upplýsinga

Ábyrgð og mat á eigin námi